

Auglýsing um skipulag – Hafnarfjarðarbær

Tillaga að deiliskipulagsbreytingu við Hjallabraut

Á fundi bæjarstjórnar þann 29. apríl sl. var lagður fram 5.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 21.apríl sl.

”Á fundi bæjarstjórnar þann 5. feb. s.l. var Hjallabraut, deiliskipulagsbreyting vísað aftur til skipulags- og byggingarráðs. Lögð var fram breytt tillaga sem gerir ráð fyrir fækkun á húsum. Lagður fram endurgerður deiliskipulagsuppdráttur dags. 02.04.2020 sem tekur mið af fækkun húsa og framkomnum athugasemdum. Skipulags- og byggingarráð samþykkir breytta tillögu að deiliskipulagi og að auglýsa hana í samræmi við 41.gr. skipulagslaga og vísar erindinu til bæjarstjórnar.”
Bæjarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulags- og byggingarráðs með 9 atkvæðum.

Tillagan gerir ráð fyrir nýrri byggð sem er að meginhluta staðsett þar sem núverandi mön er meðfram Hjallabraut. Svæðið er við jaðar Víðistaðatúns, vestan við Skátaheimilið.

Mörk breytingarinnar afmarkast af Hjallabraut í vestur, aðalgöngustíg í austur, hringtorgi til norðurs og bílastæðum við skátaheimilið og göngustíg til suðurs.

Gert er ráð fyrir tveim raðhúsum, tveggja hæða, og þrem einbýlishúsum á einni hæð, alls 10 íbúðir. Svæðið sem um ræðir er hluti af deiliskipulagi Víðistaðasvæðis sem samþykkt var í bæjarstjórn þann 4. mars 2003. Samhliða auglýsingu á breyttu deiliskipulagi íbúðarsvæði í Norðurbæ verður mörkum deiliskipulags fyrir Víðistaðasvæði breytt til samræmis.

Vakin er athygli á að í auglýsingu er tillaga að aðalskipulagsbreytingu vegna breyttrar landnotkunar við Hjallabraut í samræmi við 31.gr. skipulagslaga 123/2010. Auglýsingartími er frá 2.4.- 15.5.nk.

Í ljósi aðstæðna verður athugasemdafrestur vegna þeirra tillögu framlengdur til og með 2. júní nk. Skal þeim skilað skriflega á netfangið skipulag@hafnarfjordur.is eigi síðar en 2.júní 2020 eða bréfleiðis á netfangið sem fram kemur neðar í auglýsingu.

Tillögur vegna deiliskipulagsbreytinga, ásamt fylgigögnum verða til sýnis í þjónustuveri Hafnarfjarðar Strandgötu 6 og hjá umhverfis- og skipulagssviði að Norðurhelli 2, frá 8.5.- 19.6.2020.

Boðað er til íbúafunda þann 12. maí nk. að Norðurhelli 2, kl.16:30-19:30, vegna framangreindrar skipulagsvinnu við Hjallabraut og einnig vegna skipulagsbreytinga er nær til lóða við Hlíðarbraut / Suðurgötu. Fundirnir verða einnig í beinu streymi á vef og Facebooksíðu Hafnarfjarðarbæjar.

Fundurinn verður tvískiptur.

Fyrri íbúafundur frá kl. 16:30 - 18:00: Hjallabraut þar sem farið verður yfir tillögur að aðal- og deiliskipulagsbreytingum.

Seinni íbúafundur frá kl. 18:15 - 19:30: Hlíðarbraut/Suðurgata þar sem farið verður yfir tillögur að aðal- og deiliskipulagsbreytingum er snúa að breyttri landnotkun og uppbyggingu innan lóðarinnar (Hlíðarbraut 10).



Auk þess er hægt að skoða tillöguna á vef Hafnarfjarðarbæjar www.hafnarfjordur.is undir *íbúar/skipulag í kynningu*.

Nánari upplýsingar eru veittar á Umhverfis- og skipulagssviði.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytinguna. Skal þeim skilað skriflega á netfangið skipulag@hafnarfjordur.is eigi síðar en 19. júní 2020 eða stílaðar á:

***Hafnarfjarðarkaupstaður
bt. umhverfis- og skipulagssvið
Norðurhella 2
221 Hafnarfjörður***

Umhverfis- og skipulagssvið Hafnarfjarðar